



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 27. maí 2015

Fundarboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 32

Mættir:

Þorsteinn Steinsson (ÞS), bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, formaður
Sturla Böðvarsson (SB), bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, varaformaður
Eggert Kjartansson (EK), oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, ritari
Kristinn Jónasson (KJ), bæjarstjóri Snæfellsbæjar
Theódóra Matthíasdóttir (TM), umhverfisfulltrúi Snæfellsness

Gestir fundarins:

Þór Örn Jónsson (ÞÖJ), bæjarritari Stykkishólmsbæjar
Hjördís Páldóttir (HP), forstöðumaður Norska hússins

Fundarstaður og tími: Félagsheimilið Klifi, Snæfellsbæ, kl. 14:00-15:45.

Dagskrá:

1. Úttekt sem fór fram í mars, niðurstöður og endurnýjuð vottun.
2. Staða verkefna og næstu verkefni.
3. Tillaga umhverfisnefndar Stykkishólms um að draga úr notkun plasts á vegum sveitarfélaga sem samþykkt var í bæjarstjórn Stykkishólms á dögnum. Möguleikar á að bera slíka tillögu upp í öllum sveitarfélögum á Snæfellsnesi.
 - *Fylgiskjal – tillagan sem samþykkt var í bæjarstjórn Stykkishólms*
4. Sorpflokkun fyrirtækja.
5. Úttekt á ágengum plöntum á Snæfellsnesi.
 - *Fylgiskjal – umsókn sem send var til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins*
6. Endurskoðun Framkvæmdaáætlunar skv. kröfu vottunarsamtakanna
7. Samstarfsverkefni sveitarfélaga
 - *Fylgiskjal – minnisblað frá Sturla Böðvarssyni til Framkvæmdaráðs Snæfellinga*
8. Þjólendumálin. Ættu sveitarfélögin að vera í samfloti vegna krafna ríkisins í þjólendumálum og ef svo er þá með hvaða hætti?
9. Önnur mál

Umfjöllun:

ÞS setur fund kl. 14:00, TM ritar fundargerð.

1. Theo gerir grein fyrir úttekt sem fór fram í mars, niðurstöðum og endurnýjaðri vottun
 - Haukur Haralds, sérhæfður úttektaraðili, dvaldi hérna 25. og 26. mars.
 - Fór yfir gagnaöflun vegna umhverfisvísa, framkvæmdaáætlun, fundargerðir Framkvæmdaráðs auk allra þeirra pappíra sem vottunarsamtökin gera kröfur um að séu fyrir hendi.
 - Heimsótti sundlaug Stykkishólms, bæjarskrifstofur Stykkishólms og Grundarfjarðar.



EARTHCHECK

Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 27. maí 2015

-
- Sveitarfélögin hlutu endurnýjaða vottun frá vottunarsamtökunum fyrir árið 2015.
 - Nokkrar minniháttar athugasemdir og kröfur um úrbætur voru gerðar fyrir næstu úttekt.
 - i. Erindisbréf Framkvæmdaráðsins ætti að vera undirritað af nýjum forsvarsmönnum sveitarfélaganna
 - ii. Yfirfara þarf gagnaöflun vegna umhverfisvísa til að gera hana sem skilvirkasta og réttasta – sem þegar var vitað.
 1. Bæta við notkun eiturefna
 - iii. Aðaláhættan er sögð lítið fjármagn og möguleiki á því að stjórnendur missi áhuga á verkefninu.
 - iv. Framúrskarandi verkefni árið 2014 – „Tíu ára skýrslan“ þar sem íbúar og aðrir sem áhuga hafa á umhverfisstjórnun geta kynnt sér verkefnið til hlítar.

2. Theó gerir grein fyrir stöðu verkefna og næstu verkefnum

Aðkallandi

- Upplýsingaskilti sett upp við Búlandshöfða
- 10 ára skýrslan – *Skref í rétta átt*
- Ársskýrsla 2014
- Endurskoðun Framkvæmdaáætlunar
- Fylgja eftir tillögum umhverfisnefndar um plastpokalaus sveitarfélög

Fyrir sumarfrí

- Benchmarking
- Endurskoða umhverfisvísa – fundur með Róbert og Menju og EarthCheck
- Undirbúa Burðarplastpokalaust Snæfellsnes
- Úttekt á útbreiðslu ágengra plantna (finna ábyrgðaraðila)

Í sumar

- Úttekt á útbreiðslu ágengra plantna

Haust

- Kynning á endurbættu skráningarkerfi fyrir starfsmenn + úrbætur á innkaupskráningum
- Skráningarkerfi aksturs + varnarefna
- Innleiðing sjálfbærni – mastersverkefni/styrkumsóknir
- Íbúakönnun
- Athuga möguleika á vottun á rekstri á vegum sveitarfélaganna (sundlaugar, tjaldsvæði o.fl.)
- Endurskoðun náttúru- og umhverfisnefnda
- Styrkir: innleiðing sjálfbærni, orkuskipti ökustækja sveitarfélaga, áætlun um verndun svæða á Snæfellsnesi, rekstrarstyrkur
- Stefnumótun á endurheimt votlendis á Snæfellsnesi. Athuga með samstarf við LBHÍ og NSV



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 27. maí 2015

3. Tillaga umhverfisnefndar Stykkishólms um að draga úr plastnotkun sveitarfélaga sem samþykkt var í bæjarstjórn Stykkishólms á dögnum. Möguleikar á að bera slíka tillögu upp í öllum sveitarfélögum á Snæfellsnesi.
 - *Fylgiskjal – tillagan sem samþykkt var í bæjarstjórn Stykkishólms*
 - Theó kynnir tillöguna og möguleikann á því að innleiða hana inn í endurskoðaða framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna. Þannig verði starfskraftar umhverfisfulltrúa betur nýttir til að framfylgja tillögunum í öllum sveitarfélögum samtímis.
 - Samþykkt að beina þessu til sveitarfélaganna hvers fyrir sig og taka þetta formlega fyrir þar. Finna í kjölfarið farveg sem hentar á hverjum stað. Taka stöðuna að ári og skoða hvernig brugðist var við, hvað gekk vel og hvað illa.
4. Sorpflokkun fyrirtækja.
 - Theó bendir á að tölur frá Stykkishólmi sýni að á meðan tveir þriðju heimilisúrgangs fara í endurvinnslu er því öfugt farið hjá fyrirtækjum sem rekin eru í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt að gera bragarbót á þessu máli. Tillaga um að gera sérstakt átaksverkefni um þetta mál, móta stefnu og aðgerðir og setja á framkvæmdaáætlun.
 - KJ bendir á að í Snæfellsbæ sé sorp frá fyrirtækjum flokkað inni á gámastöðinni og því fari meira í endurvinnslu þar.
 - ÞS telur nauðsynlegt að gera átak í þessu málum, þá helst hjá ferðaþjónustufyrirtækjum sem eru andlit svæðisins út á við. Leggur áherslu á að sveitarfélögin þurfi að halda flokkuninni á lofti, minna á og kynna árangur reglulega.
 - Lagt til að TM hafi samband við Gámaþjónustu Vesturlands og ÍGF hvað þessi mál varðar.
5. Úttekt á ágengum plöntum á Snæfellsnesi. Styrkur (500.000 kr.) fékkst frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti til þess að vinna þetta verkefni árið 2015.
 - *Fylgiskjal – umsóknin sem send var til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins*
 - Nauðsyn slíkrar úttektar viðurkennd og samþykkt að NSV taki að sér framkvæmd verkefnisins. TM ræðir við NSV.
6. Endurskoðun Framkvæmdaáætlunar skv. kröfu vottunarsamtakanna
 - Theó kynnir tillögur að endurskoðaðri framkvæmdaáætlun. Bæta þarf einu ári aftan við svo hún gildi til fimm ára, 2015-2019. Nokkur verkefni á áætlun síðasta árs kláruðust ekki og flytjast þau því aftar á áætlunina. Nú liggur fyrir að skera þarf niður í verkefnum þar sem staða umhverfisfulltrúa er enn 80%. Það er því líklegt að endurskoðuð framkvæmdaáætlun innihaldi ekki mikið af nýjum verkefnum heldur hliðrist verkefni til.
 - Tillögur um að bæta við verkefnum sem snúa að átaksverkefni í að auka sorpflokkun fyrirtækja og verkefni um að draga úr plastnotkun á vegum sveitarfélaga. Tillaga samþykkt. TM sér um að vinna endurskoðaða áætlun fyrir næsta fund.
 - Framkvæmdaráð ályktaði að um óverulegar breytingar verði að ræða og því sé nægilegt að samþykka endurskoðaða Framkvæmdaáætlun Snæfellsness á næsta fundi Framkvæmdaráðs.



EARTHCHECK

Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 27. maí 2015

7. Samstarfsverkefni sveitarfélaga

- *Fylgiskjal – minnisblað frá Sturla Böðvarssyni til Framkvæmdaráðs Snæfellinga*
- SB kynnir tillöguna.
- ÞS, KJ, EK og SB taka til máls. Máli vísað til Héraðsnefndar.

8. Þjóðlendumálin. Ættu sveitarfélögin að vera í samfloti vegna krafna ríkisins í þjóðlendumálum og ef svo er þá með hvaða hætti.

- Allir fundarmenn taka til máls. Máli vísað til Héraðsnefndar.

9. Önnur mál

- a) Samningur við NSV um stöðu umhverfisfulltrúa í 80% stöðu til árs undirritaður.
- b) Hjördís Pálsdóttir leggur fram ósk um að fá starfsmann í hlutastarf við skráningar muna í Norska húsinu. Málinu vísað til fjárhagsáætlunar í Héraðsnefnd.

Næsti fundur: Óákveðið

Fundi slitið kl.: 15:45